



Fundargerð

51. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn í fjarfundarkerfi Zoom, miðvikudaginn 16. febrúar 2022, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Jóhann Gíslason, Karl Ölvirsson og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Brynja J. Jónasdóttir hefur boðað forföll og er Karl Ölvirsson mættur á fund sem varamaður hennar. Hann situr fundinn á skrifstofu sveitarfélagsins.

1. Fundargerð 232. fundar skipulagsnefndar UTU - 2202003

Lögð fram fundargerð 232. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-157.

Mál nr. 1; Sauðholt L165313; Staðfesting á afmörkun lóðar - 2112038.

Lögð er fram umsókn frá Kristjönu Ragnarsdóttir er varðar staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Sauðholt L165313.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun landsins skv. fyrirbyggjandi umsókn en mælist til þess að hnitsetningar innan gagnanna verði samræmd við þegar þinglýst gögn aðbyggjandi jarða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir erindið samhljóða með fyrirvara um lagfærð gögn.

Mál nr. 29; Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lögð fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa nr. 22-157.

2. Fundargerð 233. fundar skipulagsnefndar UTU - 2202014

Lögð fram fundargerð 233. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 22-158.

Mál nr. 1; Sumarliðabær 2 (L165307); umsókn um byggingarleyfi; tvö starfsmannahús - 2112059.

Fyrir liggur umsókn Davíðs Kristjáns C. Pitt fyrir hönd Svarthöfða-Hrossarækt ehf., móttokin 16.12.2021, um byggingarleyfi til að byggja tvö jafnstór 29,8 m² starfsmannahús á jörðinni Sumarliðabær 2 L165307 í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 29; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-158 - 2201004F.

Lögð fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa - 22-158 - 2201004F.

3. Fundargerð 92. fundar stjórnar UTU - 2202009

Lögð fram fundargerð 92. fundar stjórnar UTU.

1. dagskrárlið fundargerðar er vísað til aðildarsveitarfélaga til staðfestingar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða, fyrir sitt leyti, nýja gjaldskrá vegna útgáfu

byggingarheimilda, byggingarleyfa og þjónustu byggingarfulltrúa.

4. Fundargerð vinnuhóps um endurskoðun samstarfssamninga - 2202011

Lögð fram fundargerð 2. fundar vinnuhóps um endurskoðun samstarfssamninga Rangárbings ytra og Ásahrepps.

Til kynningar.

5. Fundargerð 308. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2202005

Lögð fram fundargerð 308. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

6. Fundargerð 578. fundar stjórnar SASS - 2202018

Lögð fram fundargerð 578. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

7. Fundargerð 48. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2202008

Lögð fram fundargerð 48. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

8. Fundargerð 906. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2202017

Lögð fram fundargerð 906. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitfélaga.

Til kynningar.

9. Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga á Suðurlandi vegna Vinaminnis - 2202001

Lagt fram bréf Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 19. janúar 2022, þar sem kynnt er sú breyting á rekstri Vinaminnis, sértækri dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun. Tekjur til reksturs dagdvalanna koma annars vegar frá Sjúkratryggingum Íslands og hins vegar í formi daggjalds sem þjónustubeginn greiðir sjálfur. Þessi framlög standa því miður ekki undir rekstrarkostnaði úræðisins en verið er að leita leiða til hagræðingar. Nú óskar Árborg eftir kostnaðarþátttöku annarra sveitarfélaga, sem hafa skjólstæðinga sína í dagdvalarvist Vinaminnis, og óska eftir afstöðu þeirra til beiðninnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur vel í erindið og lýsir sig reiðubúna til að greiða umrætt gjald fyrir skjólstæðinga úr Ásahreppi sem gætu komið til með að nýta þessa þjónustu.

10. Styrkbeiðni frá skólablaðinu Vörðunni, Laugalandsskóla - 2202002

Lagt fram tölvuskeyti frá Laugalandsskóla þar sem Ásahreppi er boðið að auglýsa í skólablaðinu Vörðunni. Á síðasta ári var keypt heilsíðuauglýsing að upphæð kr. 20.000.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita Vörðunni styrk að upphæð kr. 20.000 enda er gert ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárhagsáætlun Ásahrepps 2022.

11. Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna - 2202010

Lagt fram bréf Unicef á Íslandi þar sem Ásahreppi er boðin þátttaka í verkefninu "Barnvæn sveitarfélög" sem stuðlar að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fresta málinu fram yfir næstu sveitarstjórnarkosningar.

12. Umdæmisráð barnaverndar - 2202013

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. febrúar 2022, þar sem bent er á mikilvægi þess að sveitarfélög taki ákvörðun um hvaða sveitarfélög ætli að sameinast um umdæmisráð. Haldinn hefur verið fjarfundur á vegum sambandsins þar sem fulltrúar margra sveitarfélaga mættu og fengu kynningu á stöðu mála.

Hreppsnefnd Ásahrepps er því fylgjandi að fjöldi umdæmisráða barnaverndar í landinu verði 2-3. Vegna fjölda verkefna sem myndi kalla á úrvinnslu umdæmisráða er skynsamlegast að sameinast í stærri einingum til að gera verkefnið faglegra og formfastara.

13. Stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar fyrir landsbyggðina - 2202015

Lagt fram tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir afstöðu Ásahrepps til þátttöku í stofnun húsnæðissjálfsseignarstofnunar sem þjóni sveitarfélögum á landsbyggðinni.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að biða með að taka þátt í verkefninu þar sem að sveitarfélagið á engar eignir til að setja inn í slíka húsnæðissjálfsseignarstofnun. Ásahreppur er þátttakandi í sambærilegu verkefni sem staðsett er í Guðrúnartúni á Hellu.

14. Ósk um stofnun lögbýlis að Laufbrekkur í Ásahreppi. - 2202016

Lagt fram bréf Brynju Jónu Jónasdóttur og Sigurðar Óskars Óskarssonar, dags. 11. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar vegna stofnunar lögbýlisins Laufbrekku í Ásahreppi (L219273). Meðfylgjandi bréfinu er umsögn Búnaðarsambands Suðurlands og uppdráttur.

Gerð er tillaga um að hreppsnefnd Ásahrepps geri engar athugasemdir við að Laufbrekka (L219273) verði gert að lögbýli. Samþykkt samhljóða.

15. Beiðni um ljósleiðarapræð milli Lyngholts og verkstæðis heflunar í Ásahreppi - 2202019

Lagt fram tölvuskeyti Heflunar ehf, Skarphéðinn Hilbert Ingason, þar sem óskað er eftir að fá lagðan ljósleiðarapræð milli Lyngholts og verkstæðis Heflunar í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhlóða að fresta erindinu til næsta fundar hreppsnefndar og óskað verði eftir nánari upplýsingum frá Guðmundi Danielssyni um verkefnið og stöðu Ásaljóss gagnvart beiðninni. Athuga skal hvort það samarýmist fjarskiptalögum að heimila slíkar tengingar hjá Ásaljósi og hvort tímabært sé að endurskoða samþykktir Ásaljóss.

16. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (332. mál) - 2202021

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 11. febrúar 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál.

Þar er gerð tillaga um að Skrokkölduvirkjun og Urriðafossvirkjun verði skilgreindar í orkunýtingarflokk en Hágönguvirkjun í biðflokk. Hreppsnefnd Ásahrepps er samþykk því að þessir virkjunarkostir verði settir í nýtingarflokk.

17. Styrkbeiðni vegna Suðurlandsdeildarinnar í hestaiþróttum 2022 - 2202022

Lagt fram tölvuskeyti Rangárhallarinnar, dags. 29. janúar 2022, þar sem óskað er eftir fjárstyrk kr. 50.000 vegna Suðurlandsdeildarinnar í hestaiþróttum 2022.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk, enda rýmist hann innan

fjárhagsáætlun ársins.

18. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Málaflokkayfirlit reksturs sveitarsjóðs Ásahrepps lagt fram.

Til kynningar.

19. 18. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 - 2202004

Lögð fram 18. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Til kynningar.

20. Breyting á reglugerð nr. 121 - 2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga - 2202006

Lagt fram tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. janúar 2022, þar sem kynnt er reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 121/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Til kynningar.

21. Bréf umboðsmanns barna, Mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og rétt barna til þátttöku og áhrifa - 2202007

Lagt fram bréf umboðsmanns barna, dags. 28. janúar 2022, þar sem sveitarfélögum er bent á er á mikilvægi þess að mat sé lagt á áhrif ákvarðana sveitarfélaga á börn og rétt barna til þátttöku og áhrifa.

Til kynningar.

22. Skýrslur Hestamannafélagsins Geysis fyrir starfsárið 2021 - 2202012

Lögð fram ársskýrslur stjórnar Hestamannafélagsins Geysis og Æskulýðsstarfs Geysis fyrir árið 2021 ásamt þátttökulista barna á námskeiðum í sýslunni.

Til kynningar.

23. Úthlutun úr Landbótasjóði 2022 - 2202020

Lagt fram tölvuskeyti Landgræðslunnar, dags. 8. febrúar 2022, þar sem tilkynnt er um úthlutun úr sjóðnum á árinu 2022 vegna uppgræðslu á Holtamannaafrétti. Úthlutun í ár er kr. 3.143.000.

Til kynningar.

24. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 16. mars 2022 og hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 10:15.

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Egill Sigurðsson

Elín Grétarsdóttir

Guðmundur Jóhann Gíslason

Karl Ölvirsson

Valtýr Valtýsson

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason